



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2025

STÆR1AA05


Námsáætlun

Viðfangsefni áfangans:

Unnið verður með grunnþætti stærðfræðinnar og áhersla lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á undirstöðuatriðum. Farið verður yfir forgangs röð aðgerða, brotareikning, bókstafareikning (algebru) og jöfnureikning. Jafnframt verður lagður grunnur að vönduðum vinnubrögðum í stærðfræði.

Námsgögn:

- **UPP Á PUNKT** – höfundur: Kjartan Heiðberg og Gunnar Friðfinnsson.
Útgefandi: Iðnú, 2023.
- Annað efni í samráði við kennara.
- Vasareiknir og A4 rúðustrikuð vinnubók.
- Bók til að glósa í.



Námsmat:

Nemendur eru hvattir til að sinna náminu samviskusamlega og tileinka sér skipulögð vinnubrögð en ástundun í tíma og virkni gilda samtals 20% af heildareinkunn áfangans. Stöðupróf úr köflum gilda svo 80% af annareinkunn.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	80%
vægi annareinkunnar er	20%

Annareinkunn skiptist svona:

vægi lotuprófa	80%
ástundun og virkni	20%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Vera virkur í kennslustundum
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Ábending frá kennurum:**Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir F.**

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil og jafngildir svindli sem gefur einkunn 0 á prófi.

Nemanda ber að mæta ávallt með tilskilin kennslugögn í kennslustundir og virða vinnufrið annarra. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr tíma og skrá fjarvist á hann ef hann brýtur þessar reglur.

Notkun á fartölvum og snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennarans.

Yfirferðaráætlun:

Vika	Efni
3-5	Aðgerðirnar 4
6-8	Liðir og þættir
9-11	Almenn brot
12-14	Algebra
15-18	Jöfnur
19-20	Upprifjun

Þeir nemendur sem treysta sér til að fara hratt og vel yfir efni bókarinnar eiga möguleika á því að ljúka einnig áfanganum STÆR1BB05 í samráði við kennara.

Ath. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su. 14. janúar 2025

Gangi þér vel á önninni!

Kennarar: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is og Klara Guðbrandsdóttir (KLA) klara@fsu.is.